

Stjórn FG

## Innra starf og félagsmál

### Ályktun um innra starf og félagsmál

#### *Um trúnaðarmenn*

Þriðji aðalfundur Félags grunnskólakennara telur mjög mikilvægt að efla trúnaðarmannakerfi félagsins enn frekar.

Fundurinn samþykkir að á kjörtímabilinu:

- verði trúnaðarmönnum umbunað og tryggður tími til trúnaðarmannastarfa með kennsluafslætti.
- verði áfram haldin hin árvissu námskeið fyrir trúnaðarmenn og stefnt að því að þeim verði lokið á landinu öllu á haustmánuðum ár hvert.
- verði áfram unnið að því að hver skóli hafi sér uppsett netfang sem tilheyri starfinu.
- verði bréf/tölvupóstur og upplýsingar sendar eins oft og þurfa þykir þó eigi sjaldnar en mánaðarlega.
- verði fundir og námskeið haldin á dagvinnutíma eftir því sem mögulegt er